

Mánudaginn 21. febrúar 1966.

Nr. 205/1965. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

**Jósafat Arngrímssyni** (Áki Jakobsson hrl.)

**Albert Karli Sanders** (Páll S. Pálsson hrl.)

**Áka Guðna Gränz**

(Guðmundur Pétursson hrl.)

og

**Péttri Einarssyni** (Sigurður Ólason hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómaramirnir Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Magnús P. Torfason.

Brot gegn reglum um útflutning fiskafurða.

### Dómur Hæstaréttar.

Alfreð Gíslason, bæjarfógeti í Keflavík, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Hinn 6. janúar 1964 var undirritaður samningur, sem getið er í héraðsdómi, um kaup Brekkes Ltd., Hull, á framleiðslu Ísfélags Keflavíkur h/f „árið 1964, sem nemur (a) minnst 700 (sjö hundruð) smálestum (2240 pund netto) í hlutföllum nálægt  $\frac{2}{3}$  (tveim þriðju) þorskur og  $\frac{1}{3}$  (einum þriðja) ýsa eftir þunga, að minnsta kosti 450 smál. þorskur og a. m. k. 250 smál. ýsa. Fellst seljandi á, að þorskur fari í engu tilfelli fram úr  $\frac{2}{3}$  (tveim þriðju). (b) Sólkoli, skar-koli, lúða, langlúra, stórkjafta, smáhumarþúkar (með og án skeljar), skötubörð, háfur, hrogn o. fl. Pökkun, stærðir, merki og verð eftir samkomulagi.“

Er greint hefur verið í samningnum verð á þorski og ýsu, segir m. a. svo:

„Enn fremur er svo um samið, að samningsverð sé eigi hærra en Sölumiðstöð Hraðfrystihúsanna selur aðalkaupendum sínum í Bretlandi, nefnilega Associated Fisheries, Ross

Group, Mac Fisheries og Brekkes Ltd. eða hverjum einstökum þessara kaupenda, og verði samningsverð S. H. lækkað, meðan á samningstíma stendur, skuli hér um samið verð lækka tilsvarendi.

Allt verð er auk þess háð lokasamþykki hins íslenska eftirlits.“

Hinn 8. janúar 1964 gaf fyrirtækið Antony Gibbs & Sons Ltd., London, út til handa Ísfélagi Keflavíkur h/f lántökuheimild (Letter of Credit), þar sem segir m. a. svo:

„Að því tilskildu, að samningur sé gerður milli yðar og Brekkes Ltd. í aðalatriðum í sama formi og sá, sem lagður hefur verið fyrir oss í uppkasti, er oss ánægja að veita yður loforð um kaup á víxlum (Acceptance Credit), að upphæð £ 18.000, til að kosta útflutning yðar á frosnum fiski til firmans Brekkes Ltd., Hull, með eftirtöldum ákvæðum og skilmálum:

1. Lánið verður látið í té gegn víxlum yðar á hendur oss, sem gefnir eru út með gjalddögum 29. febrúar, 31. marz og ef nauðsyn krefur 30. apríl 1964 eða öðrum þeim gjalddögum, sem um semst, og fylgi þeim ljósrit af samningi yðar við Brekkes Ltd. á ensku. Upphæð hvers þessara víxla skal nokkurn veginn koma heim við verðmæti væntanlegra sendinga til Brekkes Ltd. í janúarlok, febrúarlok og ef nauðsyn krefur í marzlok 1964.
3. Þegar þar að kemur, ber yður að senda oss öll frumskjöl ásamt sýningarvíxlum yðar á hendur Bekkes Ltd., og nái þau yfir verðmæti allra sendinga á frosnum fiski samkvæmt áður nefndum samningi, að heildarverðmæti ekki undir £ 18.000.
4. Þessi skjöl munum vér afhenda firmanu Brekkes Ltd. gegn greiðslu á sýningarvíxlum yðar á firmað, og munum vér halda nettoandvirðinu eftir til greiðslu á víxlunum, sem nefndir eru í 1. gr. að ofan, og ef einhver afgangur verður, eftir að allir víxlarnir hafa verið greiddir, verður hann sendur yður til ráðstöfunar og á yðar reikning . . . .“

Hinn 16. janúar tilkynnti Útvegsbanki Íslands, Reykja-

vik, Ísfélagi Keflavíkur h/f, að bankinn hefði fært félaginu til tekna greiðslu til bankans að „tilhlutan Hambros Bank Ltd. v/Antony Gibbs & Sons Ltd., London, á £ 17.746:17:11 á 120/16 ..... kr. 2.132.406.90  
85.296.25

---

2.047.110.65“

en fjárhæðin, sem frá er dregin, kr. 85.296.25, mun hafa verið ætluð til greiðslu væntanlegs útflutningsgjalds af fisk-afurðum samkvæmt sölusamningi þeim, er áður getur.

Í bréfi til Seðlabanka Íslands 28. febrúar 1964 frá Antony Gibbs Ltd. segir m. a.: „... þetta var greiðsla til Ísfélags Keflavíkur upp í víxillán (Acceptance Credit), sem vér veittum félaginu til þess að kosta útflutning þess á freðfiski til firmans Brekkes Ltd. í Hull.“

Framkvæmdastjóri Ísfélags Keflavíkur h/f, ákærði Albert Karl Sanders, kveður fé því, sem félagið samkvæmt framangreindu fékk til ráðstöfunar, hafa verið varið þannig, „að ein 36 þús. kr. hafi farið í að greiða toll af frystitækjum, 840 þús. kr. hafi verið lagðar á reikning Ísfélagsins, nr. 40 við Sparisjóðinn í Keflavík, kr. 50 þús. hafi verið greiddar Ólafi Gíslasyni & Co., 100 þús. kr. til Hamars h/f og hitt greitt í skuldir til iðnaðarmanna og fyrirtækja, sem unnu að breytingum frystihússins“, en „strax og lánsféð var komið, hafi verið byrjað á framkvæmdum við“ frystihús félagsins.

Eins og í héraðsdómi greinir, urðu engar efndir af hendi Ísfélags Keflavíkur h/f á fisksölusamningi þess og Brekkes Ltd.

Í greinargerð frá skrifstofu hæstaréttarlögmanns í Reykjavík til saksóknara ríkisins, dags. 16. febrúar 1966, um kröfu Antony Gibbs & Sons Ltd. á hendur Ísfélagi Keflavíkur h/f vegna lánveitingarinnar segir svo:

„Samkvæmt beiðni yðar, herra saksóknari, skal upplýst, að greiðslur þær, er skrifstofa okkar veitti viðtöku upp í framangreinda kröfu, námu samtals kr. 707.610.10. Sundurliðast fjárhæðin, svo sem hér segir:

- |  |                |
|--|----------------|
| 1. Hinn 23. apríl 1965: Endurgreiðsla á útflutningsgjöldum frá Útvegsbanka Íslands ..... | kr. 85.296.25  |
| að viðbættum vöxtum .....  | — 1.263.75     |
|  | <hr/>          |
|  | Kr. 86.560.00  |
| 2. Hinn 15. maí 1965: Greiðsla frá hrl. Áka Jakobssyni, samtals .....                    | — 621.050.10   |
|  | <hr/>          |
|  | Kr. 707.610.10 |

Með samþykki hins brezka bankafirma var gefin fullnaðarkvittun fyrir kröfunni, en þó með þeim fyrirvara, að ef riftunarmál leiddu til þess, að meira greiddist af kröfunni en kr. 621.050.10, skyldi það, sem umfram greiddist, falla til Antony Gibbs & Sons Ltd.“

Í bréfi viðskiptamálaráðuneytisins 12. marz 1964 segir m. a.:

„Ísfélag Keflavíkur hefur hvorki fengið útflutningsleyfi fyrir freðfiski né leyfi til að bjóða freðfisk til sölu á erlendum markaði.“

Samkvæmt ákæru saksóknara ríkisins 13. október 1964 eru ákærðu í máli þessu sóttir um brot gegn „1. gr. sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 95/1960 um sölu og útflutning á vörum, sbr. auglýsingu nr. 96/1960 um sama efni, allt sbr. 8. gr. sbr. 12. gr. laga nr. 30/1960 um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl.“.

Þátttöku hvers hinna ákærðu og horfi til sakarefnis er samkvæmt gögnum málsins skilmerkilega lýst í héraðsdómi, og ber að staðfesta þá úrlausn héraðsdómara, að háttsemi sú, sem þeim er sök á gefin, varði við greind ákvæði.

Refsing hvers hinna ákærðu þykir hæfilega ákveðin kr. 25.000.00 sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 30 daga í stað sektar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað staðfestast.

Hver hinna ákærðu greiði laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 15.000.00. Annan áfrýjunarkostnað sakarinnar

greiði ákærðu in solidum, þar með talin saksóknarlaun í rikissjóð, kr. 20.000.00.

#### Dómsorð:

Ákærðu, Jósafat Arngrímsson, Albert Karl Sanders, Áki Guðni Gräns og Pétur Einarsson, greiði hver um sig kr. 25.000.00 sekt í rikissjóð, og komi varðhald 30 daga í stað sektar hvers þeirra, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað staðfestast.

Hver hinna ákærðu greiði laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, ákærði Jósafat Arngrímsson, Áka Jakobsyni hæstaréttarlögmanni, kr. 15.000.00, ákærði Albert Karl Sanders, Páli S. Pálssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 15.000.00, ákærði Áki Guðni Gräns, Guðmundi Pétursyni hæstaréttarlögmanni, kr. 15.000.00, og ákærði Pétur Einarsson, Sigurði Ólasyni hæstaréttarlömanni, kr. 15.000.00. Annan áfrýjunarkostnað sakarinnar greiði ákærðu in solidum, þar á meðal saksóknarlaun í rikissjóð, kr. 20.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

#### Dómur sakadóms Keflavíkur 12. júní 1965.

Mál þetta var þingfest hér í sakadóminum 25. nóvember 1964, en þá óskuðu tveir verjanda eftir framhaldsfresti til að skila vörnum sínum.

Næst var málið tekið fyrir 9. desember 1964, en þá hafði dómnum borizt beiðni frá verjanda Péturs Einarssonar um framhaldsrannsókn. Eftir að þeirri rannsókn var lokið, var lögmonnum gert aðvart um að skila vörnum sínum 28. apríl s.l., en þá skyldi málið dómtekið. Skiluðu þeir allir vörnum sínum nema verjandi Péturs Einarssonar, sem var sjúkur og sendi vörn sína síðar. Var hún lögð fram 18. f. m. og málið þá dómtekið. Mál þetta er skriflega flutt eftir ákvörðun dómarans.

Með ákæruskjali, útgefnu 13. okt. 1964, hefur saksóknari ríkis-

ins höfðað mál þetta gegn Jósafat Arngrímssyni, Holtsgötu 37, Albert Karli Sanders, Holtsgötu 27, Áka Guðna Gränz, Norðurstíg 5, öllum í Ytri-Njarðvík, og Péttri Einarssyni, Brúarenda við Þormódsstaði í Reykjavík, en hinn fyrstnefndi var á þeim tíma, er ákæran tekur til, stjórnarformaður Ísfélags Keflavíkur h/f, tveir þeir næstnefndu stjórnarmenn sama félags og hinn síðastnefndi umboðsmaður félagsins við sjávarafurðasölu til Bretlands, — fyrir að bjóða fyrirtækinu Brekkes Ltd. í Hull á síðasta ársfjórðungi ársins 1963 og í byrjun 1964 til kaups fiskafurðir nefnds félags án þess að hafa til þess leyfi íslenzkra stjórnarvalda, en þetta tilboð leiddi til samningsgerðar milli nefndra fyrirtækja hinn 6. janúar 1964 um sölu og útflutning ýmissa fiskafurða, einnig án leyfis íslenzkra stjórnarvalda.

Í ákæruskjali er þetta talið varða við 1. gr. sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 95/1960 um sölu og útflutning á vörum sbr. auglýsingu nr. 96/1960 um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl. Er þess krafizt, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærðu eru allir á sakhæfisaldri, Jósafat Arngrímsson fæddur 12. maí 1933, Albert Karl Sanders fæddur 20. marz 1929, Áki Guðni Gränz fæddur 26. júní 1925 og Pétur Einarsson fæddur 11. janúar 1929.

Jósafat Arngrímsson hefur áður hlotið refsingar, sem hér segir: 1953 20/2 í Hafnarfirði: Sátt, 300 kr. sekt fyrir tolllagabrot. 1957 21/6 á Keflavíkurflugvelli: Áminning fyrir bifreiðalagabrot.

Albert Karl Sanders hefur ekki sætt ákæru eða refsingu, svo að kunnugt sé.

Áki Guðni Gränz hefur sætt þessum refsingum:

1961 20/7 á Keflavíkur-

flugvelli: Áminning fyrir brot á 26. gr. umferðarlaga.

Pétur Einarsson hefur hlotið refsingar, sem hér segir:

1945 28/9 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot gegn bifreiðalögum.

1950 30/7 í Gullbringu-

og Kjósarsýslu: Sátt, 20 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 20. gr. bifreiðalaga.

1951 14/12 í Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á 15. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

- 1953 30/1 í Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á 15. og 28. gr. lögreglusamþykktar Rvíkur.
- 1955 20/5 í Reykjavík: Áminning fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
- 1955 15/8 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á 15. og 35. gr. lögreglusamþykktar Rvíkur.
- 1956 12/10 í Reykjavík: Dómur: 1500 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í 6 mánuði fyrir brot á áfengis- og bifreiðalögum.
- 1959 2/2 í Reykjavík: Sátt, 250 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
- 1959 29/4 í Reykjavík: Dómur: 15 daga varðhald, sviptur ökuleyfi ævilangt fyrir brot á áfengis- og umferðarlögum.
- 1962 21/9 í Reykjavík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.
- 1964 22/7 í Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi skilorðsbundið í 3 ár fyrir brot gegn 248. gr. og 261. gr. hegningarlaga.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Á aðalfundi Ísfélags Keflavíkur h/f hinn 12. sept. 1963 var ákærða Albert K. Sanders falið „að leita eftir sölutilboði á fiski í Englandi, og var honum veitt fullt og óskorað umboð til að skuldbinda félagið fyrir hönd stjórnarinnar í því sambandi.“ Stjórn félagsins skipuðu þá Jósafat Arngrímsson, formaður, Guðrún Valgeirsdóttir, Áki Gränz og Haukur Ingason. Samkvæmt tilkynningu til hlutafélagaskrár 31. okt. 1963 skipa sömu aðiljar stjórnina að því breyttu, að Haukur Ingason hverfur úr stjórn, en Albert K. Sanders kemur í hans stað. Í sömu tilkynningu er sagt, að Jósafat, Áki og Albert Sanders hafi prókúru fyrir félagið, en þessi hluti tilkynningarinnar hefur fallið úr vottorði á dskj. 8, framl. 9. apríl 1964. Um svipað leyti var Albert Sanders ráðinn framkvæmdastjóri félagsins að eigin sögn. Á árinu 1963 voru miklar breytingar gerðar á húsakynnum Ísfélags Keflavíkur h/f, til þess að félagið gæti byrjað starfsemi sína sem frystihús, og stóðu vonir til, að starfræksla þess gæti byrjað fyrir vetrarvertíð 1964. Í októbermánuði mun ákærði Pétur Einarsson hafa í viðtali við ákærða Jósafat hreyft því, að firmað Brekkes Ltd. í Hull mundi sennilega vilja kaupa væntanlegar afurðir frystihússins fyrir hærra verð en fengist annars staðar fyrir milligöngu

Sölumiðstöðvar Hraðfrystihúsanna og jafnvel að Brekkes greiddi hluta andvirðisins fyrirfram. Árangur af viðræðum þessum varð sá, að ákærðu Albert og Pétur fóru til Englands í byrjun desember til að kanna sölumöguleika til Brekkes Ltd. Brekkes Ltd. vildi kaupa framleiðslu Ísfélags Keflavíkur h/f árið 1964, sem næmi minnst 700 tonnum af fiski og fyrir hærra verð en hægt var að fá fyrir milligöngu Sölumiðstöðvarinnar. Hins vegar vildi Brekkes Ltd. ekki greiða neitt af andvirðinu fyrirfram. Albert Sanders hringdi þá strax heim til Jósafats og tjáði honum, hvernig sakir stæðu og hafi þá verið um talað að hætta við frekari sölutilraunir, þar sem fyrirframgreiðsla hefði verið aðalforsenda fyrir sölunni. Pétur Einarsson hafði þá einnig símasamband við Jósafat og taldi, að hann hefði möguleika á fjárútvægum hjá firma í London, Anthony Gibbs & Sons Ltd. Varð það úr, að uppkast að sölusamningi var gert við Brekkes Ltd., og fóru þeir Pétur og Sanders með það til London, þar sem það var lagt fyrir Anthony Gibbs & Sons Ltd. og leitað eftir láni út á afurðirnar. Samningsuppkastið við Brekkes Ltd. var gert um miðjan desember 1963, og þar sem ekki var að vænta svars um lánsbeiðnina fyrir jól, fór Albert Sanders heim til Íslands, en Pétur Einarsson varð eftir í Englandi.

Er heim kom, skýrði Albert Sanders þeim Jósafat og Áka Gränz frá gangi mála og tjáði þeim, að A. Gibbs & Sons Ltd. hefðu til athugunar fjárbeiðnina.

Um eða eftir áramótin fór Albert Sanders aftur til Englands. Hinn 6. janúar 1964 undirritaði hann sölusamninginn f. h. Ísfélags Keflavíkur h/f við Brekkes Ltd., og með bréfi, dags. 8. jan. 1964, lofar A. Gibbs & Sons Ltd. að kaupa víxla af Ísfélagi Keflavíkur að fjárhæð £18.000-0-0 að því tilskyldu, að samningur sé gerður við Brekkes Ltd. í sama formi og samningsuppkastið, allt gegn skilyrðum, sem nánar eru tiltekin í bréfum. Staðfesti Albert Sanders samþykki sitt f. h. Ísfélags Keflavíkur með undirskrift sinni á bréf þetta og átti þá símtal við Jósafat Arngrímsson og tjáði honum, að hann væri að ganga frá samningum við Anthony Gibbs & Sons Ltd. Litlu síðar fór Albert til Íslands og hafði víxlana með sér, en þeir Jósafat og Áki Gränz tóku á móti honum á flugvelliinum. Þarna á flugvelliinum samþykkti Albert Sanders víxlana f. h. Ísfélagsins, og stimpill félagsins, sem Jósafat hafði með sér, var settur á þá, síðan voru þeir stimplaðir í Verzlunarbanka Íslands. Að þessu loknu var farið með þá aftur á flugvöllinn, þar sem flugmaður var beðinn

að leggja þá inn á skrifstofu Anthony Gibbs & Sons í London. Litlu síðar var fjárhæðin yfirfærð á reikning Ísfélags Keflavíkur við Útvegsbanka Íslands í Reykjavík. Er Albert Sanders fór heim frá Englandi, eftir að viðskiptum þessum var lokið, varð Pétur Einarsson eftir þar og kom ekki til Íslands fyrr en í janúarlök.

Hinn 6. janúar 1964 undirritaði Albert Sanders f. h. Ísfélagsins samning, þar sem Pétur Einarsson er gerður að umboðsmanni Ísfélagsins í sambandi við framkvæmd á skyldum félagsins samkvæmt sölusamningnum við Brekkes Ltd., eftir að afurðirnar væru komnar á útflutningshöfn hér á landi. Umboðslaun Péturs skyldu vera samkvæmt samningi þessum 2% af söluverði hinna útfluttu fiskafurða.

Á meðan á þessum samningagerðum þeirra Alberts og Péturs stóð í Englandi, áttu þeir símtöl við Jósafat Arngrímsson, sem fylgdist þannig með gangi mála í Englandi og lét Áka Gränz í té vitneskju um þau.

Ekki kom til efnda Ísfélagsins á sölusamningum við Brekkes Ltd., því að rétt áður en frystihúsið var tilbúið að hefja starfrækslu sína, var stjórnarformaður þess, ákærði Jósafat Arngrímsson, hnepptur í gæzluvarðhald vegna meintra fjársvika, og fór þá öll starfsemi félagsins út um þúfur. Ekki er kunnugt um, að Brekkes Ltd. hafi krafizt bóta úr hendi félagsins fyrir samningsrof.

Ákærði Jósafat Arngrímsson heldur því fram, að ákærði Pétur Einarsson hafi tjáð sér haustið 1963, að firmað Brekkes Ltd. mundi vilja kaupa væntanlegar fiskafurðir Ísfélags Keflavíkur h/f fyrir 10% hærra verð en fengist fyrir milligöngu S. H. og að Brekkes Ltd. mundi fánlegt til að greiða andvirðið fyrirfram, annað hvort allt eða að hluta, í gegnum viðskiptabanka sinn í Englandi. Stjórn félagsins hafi rætt þetta tilboð með þeim árangri, að ákærði Albert Sanders færi til Englands með ákærða Pétri og hafi Albert verið gefið fullt umboð til samninga við Brekkes Ltd. fyrir félagsins hönd. Jósafat heldur því fram, að hann hafi verið í þeirri staðföstu trú, að Pétur Einarsson hefði haft leyfi stjórnarvalda til að bjóða og selja fiskafurðir á erlendum markaði, enda segir hann, að Pétur hafi tjáð sér, að hann hefði leyfi sjávarútvegsmálaráðherra til sölu á íslenskum sjávarafurðum erlendis. Kveðst hann vita til, að Pétur hafi annazt sölu slíkra afurða fyrir aðra aðilja áður. Þá staðhæfir Jósafat, að hann hafi verið í þeirri trú, að Pétur væri umboðsmaður Brekkes Ltd., þar sem hann ella hefði ekki getað gert slíkt til-

boð. Telur hann, að Albert Sanders hafi gert umboðssamninginn við Pétur hinn 6. janúar 1964 í algeru heimildarleysi stjórnar Ísfélags Keflavíkur h/f.

Ákærði Albert K. Sanders hefur haldið því fram, að Pétur Einarsson hafi farið þessa sölufærð til Englands með það fyrir augum að vera umboðsmaður Ísfélags Keflavíkur h/f í Englandi gagnvart væntanlegum kaupanda, en að hann sjálfur hafi farið með Pétri í sambandi við ákvörðun um fisktegundir við væntanlegan sölusamning.

Hinn 8. janúar 1964 hafi hann gert samning við Pétur Einarsson í Englandi, þar sem Pétur var gerður umboðsmaður Ísfélagsins gagnvart Brekkes Ltd. í sambandi við þessi viðskipti. Hafi ætlunin í fyrstu verið sú, að Pétur undirritaði sölusamninginn, en frá því hafi verið horfið og samningurinn gerður beint við Ísfélag Keflavíkur h/f og hann undirritað samninginn samkvæmt umboði stjórnar félagsins. Heldur Albert Sanders því fram, að hann hafi litið svo á, að Pétur Einarsson hefði gengið frá því, að söluleyfi væri fyrir hendi, enda hafi hann tjáð sér, að slík leyfi lægju alltaf fyrir og væri það aðeins formsatriði. Hafi hann því verið í þeirri trú, að Pétur hefði sótt um söluleyfi, annað hvort í sínu eigin nafni eða nafni Ísfélagsins, enda hann verið umboðsmaður Ísfélagsins í sambandi við þessi viðskipti öll.

Ákærði Áki G. Gränz hefur haldið því fram, að hann hafi persónulega lítið haft með þessi viðskipti að gera, en hafi þó vitað í aðalatriðum, hvað var að ske. Hann hafi lítið fylgzt með þessum málum, eftir að Sanders og Pétur fóru til Englands, en Jósafat hafi átt mörg símtöl, a. m. k. við Sanders, frá Englandi og hafi hann tjáð sér gang málanna þar í stórum dráttum. Kveðst Áki ekki hafa skipt sér af þessum viðskiptum né hugsað sérstaklega um þau, af því að það hafi verið Jósafat, Sanders og Pétur, sem hafi gengizt fyrir þessum viðskiptum, og sé honum því ókunnugt um, hvernig þau hafi í raun og veru farið fram. Hann hafi aðeins fylgzt með þessum viðskiptum í gegnum Jósafat.

Ákærði Pétur Einarsson mótmælir því, að hann hafi verið umboðsmaður Brekkes Ltd. í þessum viðskiptum og hafi þeir enga umboðsmenn hér á landi. Honum hafi verið falið af forráðamönnum Ísfélags Keflavíkur h/f að selja afurðir félagsins í Bretlandi og hafi hann í því skyni snúið sér til Brekkes Ltd., sem hafi tjáð sig fúsa til að kaupa afurðir félagsins á hærra verði

en almennt gerist. Hafi sér verið lofað 2% af söluandvirði afurða, sem sendar yrðu til Brekkes Ltd., áður en farið var til Englands. Hafi þetta loforð verið staðfest með samningi þeim, sem Albert Sanders undirritaði 8. janúar 1964. Á fundi þeirra Sanders með Brekkes Ltd. í desember 1963 hafi verið gengið frá öllum grundvallaratriðum í samningsgerðinni um afurðasöluna. Segir hann, að það hafi aldrei verið ætlunin, að hann undirritaði sjálfur nokkra samninga í sambandi við þessi viðskipti, enda hafi hann ekki haft neitt umboð til slíks, en hins vegar hefði Sanders farið með sér til Englands með umboð, einmitt til að undirrita væntanlega samninga. Hann segir, að Sanders hafi á fundi með Jósafat og Áka Gränz gefið þeim skýrslu um allt, sem fram hafi farið í Englandi varðandi samninga við Brekkes Ltd. og Anthony Gibbs & Sons Ltd., og hafi þeir allir samþykkt samningsuppköstin. Heldur Pétur því fram, að er Sanders kom aftur til Englands, hafi hann tjáð sér, að til tals hafi komið á fundi þeirra Jósafats, Áka og Sanders hér heima, að ef samningar yrðu gerðir beint við Ísfélagið, þyrfti ekki að greiða sér 2% í umboðslaun. Hafi hann því óskað þess af Sanders, að hann gerði við sig skriflegan samning, sem og Sanders gerði hinn 8. janúar, svo sem áður er sagt. Heldur Pétur Einarsson því fram, að hann hafi aldrei litið svo á, að honum hafi á nokkurn hátt borðið að afla sölu- eða útflutningsleyfa, heldur hafi Ísfélagið sem seljandi og útflytjandi átt að gera það. Mótmælir hann, að hann hafi nokkru sinni sagt Jósafat, að hann hefði leyfi sjávarútvegs- málaráðherra eða ráðuneytis hans til sölu íslenzkra fiskafurða til útlanda. Hann hafi aðeins komið fram sem milligöngumaður og komið tillögum og tilboðum varðandi söluna milli aðilja og haft hönd í bagga um form og frágang samninga. Hafi allt verið gert í nánu samráði við Jósafat Arngrímsson. Hann hafi ekki verið aðili að samningum þessum og ekki undirritað neina samninga. Hann beri því hvorki ábyrgð á þeim né því, að þeir hafi verið undirritaðir og gerðir, áður en lögboðin sölu- og útflutningsleyfi voru fyrir hendi. Heldur hann því fram, að síðasta setningin í 6. lið sölusamningsins, um að allt verði háð lokasamþykkt hins íslenzka eftirlits, hafi verið sett í samninginn að sinni ósk og hafi hann á þann hátt sem milligöngumaður gert aðiljum ljóst, að sölu- og útflutningsleyfi væru nauðsynleg.

Hins vegar segir hann, að þegar hann kom til landsins í janúarlok, hafi verið meiningin, að hann og Jósafat Arngrímsson færu saman og oflúðu tilskilinna leyfa. En úr því hafi aldrei orð-

ið, vegna þess að Jósafat var um það leyti settur í gæzluvarðhald og öll starfsemi Ísfélags Keflavíkur h/f hafi lamast við fjarveru hans, og var framleiðsla aldrei hafin.

Í 1. gr. reglugerðar nr. 95/1960 um sölu og útflutning á vörum segir, að „þeir, sem vilja bjóða íslenzkar afurðir til sölu á erlendum markaði, selja þær til útlanda eða flytja þær úr landi, skulu afla sér leyfis ríkisstjórnarinnar til þess“, og í 2. mgr. auglýsingar nr. 96/1960 segir, „að leyfi útflutningsdeildar viðskiptamálaráðuneytisins þurfi til að bjóða íslenzkar afurðir til sölu á erlendum markaði, selja þær til útlanda eða flytja úr landi.“

Upplýst er í málinu, að engir hinna ákærðu höfðu sótt um eða aflað lögboðinna leyfa, hvorki áður né eftir að afurðirnar voru boðnar til sölu eða samningar undirritaðir. Ákærðu stjórnarmenn Ísfélags Keflavíkur h/f bera fyrir sig, að þeir hafi verið í góðri trú um, að ákærði Pétur Einarsson hefði aflað tilskilinna leyfa, en hann staðhæfir, að sú hlið málsins hafi sér verið með öllu óviðkomandi og það hafi verið seljenda afurðanna að sjá um, að leyfin væru fyrir hendi.

Í varnarskjali talsmanns ákærða Jósafats Arngrímssonar er haft eftir fulltrúa í útflutningsdeild viðskiptamálaráðuneytisins, að leyfi til að bjóða vörur til sölu, eins og það er orðað í reglugerðinni, séu aldrei gefin út, heldur færi það fram á þann hátt, að menn öfluðu sér upplýsinga hjá ráðuneytinu um lágmarksverð og væri þá talið, að þeir hefðu öðlazzt leyfi til að bjóða til sölu. Síðan yrðu þeir að leggja samning eða kauptilboð fyrir ráðuneytið og þá yrði endanlega tekin ákvörðun um, hvort veitt yrði útflutningsleyfi. Hafi sami fulltrúi tjáð talsmanninum, að ákærði Pétur Einarsson hafi oft fengið upplýsingar hjá sér um lágmarksverð, en Pétri hafi um leið verið bent á, að nauðsynlegt væri fyrir hann að tala við ráðherra, þar sem hann hefði ekki flutt út áður.

Ákærði Pétur Einarsson hefur upplýst fyrir dómi 13. janúar 1965, að hann hafi enga söluheimild haft frá ráðherra eða ráðuneyti hans, og hefur hann haldið því fram, eins og að framan greinir, að útvegum leyfa í þessu sambandi hafi sér verið óviðkomandi og hafi hann þar af leiðandi ekki aflað þeirra.

Það hefur að vísu ekki verið rannsakað sérstaklega, hvort viðkomandi ráðuneyti hefur aðra háttu á veitingu leyfa til að bjóða eða selja íslenzkar afurðir á erlendum markaði en reglugerð nr. 95/1960 mælir fyrir, en jafnvel þótt það kunní að vera rétt, að nægilegt sé að spyrjast fyrir um lágmarksverð vöru til að

mega „bjóða“ hana til sölu á erlendum markaði, þá lítur dómurinn svo á, að hinir ákærðu hafi gerzt brotlegir við hin tilvitnuðu lagaákvæði í ákæruskjalinu, þar sem endanlega var gengið frá sölusamningi og hann undirritaður, án þess að lögákveðin leyfi væru fyrir hendi. Í þessu sambandi ber að hafa það í huga, sem öllum framleiðendum sjávarafurða og öðrum, sem verzla með þær afurðir, er kunnugt, að sölu- og útflutningsleyfi á sjávarafurðum hafa ekki verið veitt hverjum sem er, heldur hefur veiting þeirra að mestu verið takmörkuð við tvo stærstu útflytjendur sjávarafurða, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og Samband íslenzkra samvinnufélaga.

Að álitu dómarans skiptir það ekki höfuðmáli, hverjum hefði borið að afla tilskilinna leyfa, stjórn Ísfélagsins eða ákærða Pétri Einarssyni. Öllum ákærðu var kunnugt um, að leyfi ráðuneytisins þurfti til þessara viðskipta, og bar þeim að ganga úr skugga um, að þau væru fyrir hendi, áður en í viðskiptin var ráðizt. Trú ákærða Jósafats og Alberts Sanders á, að ákærði Pétur hefði aflað tilskilinna leyfa, skiptir því ekki máli. Hins vegar hefur það komið fram, m. a. í framburði ákærða Péturs, að honum var kunnugt um, er sölusamningurinn var undirritaður, að leyfi var ekki fyrir hendi, því að ætlunin hafi verið, að hann og Jósafat öfluðu leyfisins, er Pétur kæmi heim frá Enlandi, en það hafi farizt fyrir vegna fangelsunar Jósafats.

Fyrirvarinn í 6. lið sölusamningsins um, að allt verð skuli háð lokasamþykkt hins íslenzka eftirlits skiptir, að álitu dómsins, ekki höfuðmáli um sekt hinna ákærðu, enda þótt telja meg, að hann bendi til þess, að ætlunin hafi ekki verið sú að sniðganga íslenzk stjórnarvöld með öllu í sambandi við þessi viðskipti.

Dómurinn lítur svo á, að afskipti ákærða Péturs Einarssonar í viðskiptum þessum hafi verið afskipti umboðsmanns Ísfélags Keflavíkur h/f, enda hefur hann haldið því fram, að honum hafi verið lofað 2% af söluverði afurðanna í umboðslaun og hafi það loforð verið staðfest með skriflegum umboðssamningi gerðum í Englandi 8. janúar 1964 og undirrituðum af Albert Sanders f. h. Ísfélags Keflavíkur h/f. Verður að telja, að hann sem slíkur beri einnig ábyrgð á, að til samninga var gengið án tilskilinna leyfa íslenzkra stjórnarvalda.

Verður að telja, eins og fyrr segir, að hinir ákærðu hafi gerzt brotlegir við hin tilvitnuðu ákvæði í ákæruskjali í reglugerð nr. 95/1960 um sölu og útflutning á vörum sbr. auglýsingu nr. 96/1960 um sama efni, allt sbr. 8. gr. sbr. 12. gr. laga nr. 30/1960

um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, og þykir refsing þeirra eftir atvikum hæfilega ákveðin sem hér segir:

Ákærðu Jósafat Arngrímsson og Albert Karl Sanders greiði hvor um sig 15.000 króna sekt í ríkissjóð, og komi 40 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Þeir greiði og málsvarnarlaun til skipaðra verjenda sinna, Áka Jakobssonar hæstaréttarlögmanns og Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 7.000 krónur hvorum.

Ákærðu Áki Guðni Gränz og Pétur Einarsson greiði hvor um sig 12.000 króna sekt í ríkissjóð, og komi 30 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Þeir greiði málsvarnarlaun til skipaðra verjenda sinna, Guðmundar Ásmundssonar hæstaréttarlögmanns og Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 7.000 hvorum.

Annan kostnað sakarinnar, þar með talinn kostnað vegna skjalapýðingar, kr. 2.667.00, greiði ákærðu einn fyrir alla og allir fyrir einn.

#### Dómsorð:

Ákærði Jósafat Arngrímsson greiði 15.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 40 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Hann greiði málsvarnarlaun til skipaðs verjenda síns, Áka Jakobssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 7.000.00.

Ákærði Albert Karl Sanders greiði 15.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 40 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Hann greiði og málsvarnarlaun til skipaðs verjenda síns, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 7.000.00.

Ákærði Áki Guðni Gränz greiði 12.000 króna sekt í ríkissjóð, og komi 30 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Hann greiði skipuðum verjenda sínum, Guðmundi Ásmundssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 7.000.00 í málsvarnarlaun.

Ákærði Pétur Einarsson greiði 12.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 30 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Þá greiði hann og málsvarnarlaun til skipaðs verjenda síns, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 7.000.00.

Annan kostnað sakarinnar, þar með talinn kostnaður við

skjalabýðingar, kr. 2.667.00, greiði ákærðu einn fyrir alla og allir fyrir einn.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 21. febrúar 1966.

Nr. 68/1963.

**Björgvin Frederiksen**

(Gústaf A. Sveinsson hrl.)

gegn

**Valdimar Magnússyni og gagnsök**

(Guðlaugur Einarsson hrl.)

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Vinnusamningur. Verkkaup.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. maí 1963 og krafizt þess aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum gagnáfrýjanda, en til vara, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Þá hefur hann krafizt málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 14. september 1963, gagnáfrýjað málinu með stefnu 18. september 1963 og krafizt þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 10.398.56 með 6% ársvöxtum frá 12. nóvember 1957 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann.

Samkvæmt þessu ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 5.000.00.